

Selfossi, 5. mars 2003

101. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn þriðjudaginn 4. mars 2003, kl. 14:00 í Ráðhúsi Árborgar, Selfossi.

Mættir: Einar Njálsson, Ágúst Ingi Ólafsson, Ólafur Áki Ragnarsson, Þorvarður Hjaltason, framkvæmdastjóri og Guðmundur Tryggvi Ólafsson, umhverfisfræðingur.

Gestir fundarins: Oddur Hermannsson og Páll Bjarnason.

Dagskrá:

- 1. Tillaga að frágangi og útliti urðunarsvæðisins í Kirkjuferjuháleigu.**
Oddur Hermannsson frá Landformi og Páll Bjarnason frá Verkfræðistofu Suðurlands gerðu grein fyrir hugmynd að útliti svæðisins.
Samþykkt að kanna jarðvegsdýpi á því svæði sem eftir er að nýta og hönnuðum falið að vinna að frekari tillögum.
- 2. Ársreikningur 2002.**
Niðurstöður kynntar.
Samþykkt að halda aðalfund 23. apríl n.k., kl. 10:00.
- 3. Bréf frá Úrvinnslusjóði, dags. 11. febrúar 2003, varðandi samstarf Úrvinnslusjóðs og sveitarfélaga/sorpsamlaga um endurnýtingu úrgangs.**
Gerð var grein fyrir málinu. Fyrstu ákvæði laga um Úrvinnslusjóð taka gildi 1. apríl nk. Sveitarfélög á Suðurlandi eru allvel í stakk búin að takast á við breytingar sem eru í vændum. Fram kom að framkvæmdastjóri er fulltrúi í samstarfsnefnd sveitarfélaganna og sjóðsins um framkvæmd laganna.
- 4. Bréf Umhverfiráðuneytis, dags. 24. febrúar 2003, varðandi frestun á úrskurði ráðuneytisins um útgáfu starfsleyfis.**
Lagt fram.
- 5. Bréf frá Sjálfseignarstofnuninni Sólheimum, dags. 24. febrúar 2003, þar sem óskað er styrks til að kaupa og setja upp jarðgerðarvél til að fullnýta lífrænan úrgang.**
Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 100.000 –

6. Bréf frá Umhverfisstofnun, dags. 20. febrúar 2003, varðandi færslu græns bókhalds hjá starfsleyfisskyldum fyrirtækjum.

Til kynningar.

7. Drög að erindi til sorpsamlaga um sameiningu eða aukið samstarf.

Rætt og ákveðið að taka það til umfjöllunar á næsta fundi.

Fundi slitið kl. 16:15

Einar Njálsson
Ágúst Ingi Ólafsson
Ólafur Ragnarsson
Þorvarður Hjaltason
Guðmundur Tr. Ólafsson